Bekkur: 5. bekkur

Námsgrein: Enska

Lykilhæfni: Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Menningarlæsi: tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur kynnast samfélaginu, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda, sjónvarpsþátta og tónlistar. Flest þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir fjalla á einn eða annan hátt um líf fólks í viðkomandi menningarheimi.

Námshæfni: tengist öllum efnisþáttunum. Nemendur þurfa að setja sér raunhæft markmið, beita sjálfsmati og jafningjamati, nýta sér samhengi í texta til að geta til um merkingu orða, nýta sér reynslu og þekkingu til að skapa nýja þekkingu, vinna sjálfstætt og með öðrum og nýta öll helstu hjálpartæki eins og ítarefni, orðabækur, leiðréttingarforrit

Efnisþættir	**Hæfniviðmið**	**Kennsluhættir**	**Námsmat**
Hlustun og áhorf	-Skilið einfalt mál og stuttar setningar og stutta texta -Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi -Skilið um lesið efni og myndbönd og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf	• Nemendur hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu	• Verkefni/próf úr efni sem nemandinn hefur hlustað á/ (Mentor 5 tákn)

Lestur og lesskilningur	-Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og beitt mismunandi lestraraðferðum -Fundið lykilupplýsingar í texta á mismunandi gerðum -Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra -Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu	• Lestur í lestextum/heftum og verkefni leyst sem fylgja orðaforða/textunum • Nemendur horfa á myndbönd með texta, sem reynir einnig á lesskilning • Nemendur afla sér upplýsinga á miðlum þegar unnin eru þemaverkefni	• Lesskilningspróf/kannanir
Ritun -málnotkun -málfræði	Nemandi geti: - Beitt grunnreglum stafsetningar nokkuð rétt (byrja að fá tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með) -Beitt grunnreglum málfræði nokkuð rétt (tök á hugtökum eins sagnir, tíðir, nafnorð, lýsingarorð og stigbreytingar) -Skrifað texta af mismunandi gerðum (ritgerð, útdráttur…) með stuðningi	• Nemendur gera nokkur misstór ritunaverkefni (stuttar setningar), bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni	• Skil á ritunarverkefnum • Hefti/glósubók skoðuð reglulega

	- Sett sér nokkuð raunhæf markmið og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf		
Frásögn og samskipti	Nemandi geti: -Beitt máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi - Skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur -Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf -Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum -Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni -Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og	• Nemendur tjá sig munnlega á mjög einfaldan hátt bæði sem einstaklings og hópa-/paraverkefni • Nemendur tekur virkan þátt í samskiptisverkefnum og sýnir tillitsemi	• Skil á kynningarverkefnum og mismunandi samskiptisverkefnum

	menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi -Sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig -Beitt aðferðum til að skipuleggja sig		